

# MHS 203

## Kennsluáætlun

### Haust 2011

Kennari: Hlynur Helgason

#### Lýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur sögu kvik- og teiknimynda, frá upphafi þessarar aldar fram til vorra daga. Samfélagsleg áhrif kvikmynda á áhorfendur verða rannsóknarefni áfangans, auk merkingarfræðilegra og siðferðislegra álitamála sem þeim tengjast. Nemendur fá góða innsýn í mótun þessara miðla og öðlast betri skilning á þeirri hugmyndafræði sem býr að baki þeim og á tengslum þeirra við samfélagið á okkar tímum. Námið er byggt upp á þematískan hátt og er reiknað með að í hverri viku verði ákveðið viðfangsefni á þessu sviði krufið. Mælt er til þess að námið fari að miklu leyti fram í verkefnavinnu þar sem nemendur nálgist viðfangsefnið út frá eigin forsendum, vinni verkefni út frá þema vikunnar, kynni það hver fyrir öðrum og ræði þau álitamál sem upp koma.

#### Meginmarkmið:

Nemandi

- hafi hlotið innsýn í stílfraðilega og hugmyndafræðilega þróun kvik- og teiknimynda
- geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem kvikmyndir hafa haft á þróun samfélagsins
- geti túlkað mögulega merkingu kvik- og teiknimynda
- geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt

#### Kennsluáðferðir

Námið fylgir sama ferli í hverri viku:

1. **Innlögn og umræður.** Fjallað er um viðfangsefni vikunnar, það sett í samhengi, sýnd kvikmyndadæmi og rætt um viðfangsefnið. Stundum eru sýndar heilar kvikmyndir.
2. **Heimalestur.** Í kjölfar innlagnar er æskilegt að nemendur lesi leskafla vikunnar. Þannig undirbúa þeir sig best undir framhaldið
3. **Hópverkefni.** Reglulega vinna nemendur saman að hópverkefnum þar sem þeir taka fyrir þema vikunnar og ræða túlkun á kvikmyndabrotum.
4. **Heimaverkefni.** Nemendur vinna heimaverkefni svo til hverja viku. Skilaverkefni eru alls 13 og á að skila þeim á sunnudegi fyrir kl. 23<sup>55</sup>. Hvert verkefni á að vera ekki minna en **250** orða texti þar sem bornar eru saman áherslur í kvikmyndum sem sýndar eru út frá lesefni. Þeir sem skila of seint eru lækkaðir um einn bókstaf í einkunn fyrir verkefnið!
- 5.

#### Námsefni:

*Saga kvikmyndalistarinnar*, eftir David Parkinson (fæst m.a. í Bóksölu stúdenta).  
Efni á vef.

#### Námsmat:

<b>HEIMAVERKEFNI</b> Hér er metið hverslu vel nemanda tekst til við að bera saman áherslur í kvikmyndum þeim sem sýndar eru, 13 verkefni alls.	30%
<b>HÓPVERKEFNI</b> Hér er lagt mat á þáttöku og virkni nemenda í umræðum um efni áfangans.	30%

<b>LOKAPRÓF</b> Í prófinu þurfa nemendur að tjá sig um efni áfangans út frá mynddæmum.	40%
	100%

Einkunnir fyrir einstök verkefni eru gefnar í bókstöfum (E-A). Lokaeinkunn í áfanga er gefin í tölustöfum (1-10).

### **Sérákvæði um ástundun og mætingar**

Sökum þess að námið byggir að miklu leyti á ástundun, og viðveru í verklegri vinnu og umræðum, eru reglur um mætingar að nokkru strangari en gengur og gerist í skólanum. Þetta kemur fram í tvennu:

Nemandi telst fallinn í áfanganum ef heildarfjarvistir hans á önninni – vegna veikinda, leyfilegra og óleyfilegra fjarvista – eru meira en 20% af heildarstundafjölda áfangans.

Nemandi er skráður fjarverandi í kennslustund ef 10 mínútur eru liðnar frá upphafi hennar. Ef nemendur mæta seinna en 10 mínútum eftir upphaf kennslustundar eru þeir vinsamlegast beðnir að bíða úti þar til næsta kennslustund hefst.